

# Vatnshæð í Skorradalsvatni 2023

Vatnshæð Skorradalsvatns fór undir viðmiðunarmörk Orku náttúrunnar í lok árs 2022 og upphafi árs 2023 vegna langvarandi frostakafla og frosthörku sitt hvorum megin við áramótin og innrennsli lítið í vatnið. Aftur fór vatnshæðin undir viðmiðunarmörk síðsumars vegna þurrkatíðar í júlí. Vatnshæðin fór yfir viðmiðunarmörk í febrúar vegna mikilla leysinga og vatnavaxta og aftur í maí í kjölfar vætutíðar. Veðurstofa Íslands hefur útbúið innstreymislíkan fyrir Skorradalsvatn sem sýnir innstreymi í vatnið þrjú daga fram í tímann.

